

**Nefndasvið Alþingis**

Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 06. nóvember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði, 313. mál

Mál þetta er nú endurflutt frá síðasta þingi og veitti Flugfreyjufélag Íslands þá umsögn sem hér fer á eftir, efnislega óbreytt. Flugfreyjufélag Íslands tekur að öllu leiti undir umsögn Alþýðusambands Íslands sem send var inn 24. október 2023.

Megintilgangur frumvarpsins skv. greinargerð flutningsmanna er að auka valfrelsi launafólks þegar kemur að stéttarfélagasáðild, leggja bann við forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum, vernda rétt launafólks til að standa utan verkfalla og afnema greiðsluskyldu launafólks sem stendur utan stéttarféлага þegar þess er krafist í lögum eða kjarasamningum.

FFÍ telur að með frumvarpinu sé vegið að grundvallarréttindum launafólks og verkalýðshreyfingar á Íslandi. Það veikir samtakamátt launafólks og stöðu verkalýðsfélaga til að sinna lögbundnu hlutverki sínu sem er m.a. að verja réttindi og hagsmuni þeirra sem starfa á íslenskum vinnumarkaði. Frumvarpið vinnur gegn norræna vinnumarkaðsmódelinu sem samfélagsleg sátt hefur verið um hér á landi og leitt hefur til þess velferðarsamfélags sem við búum í. Þá skerðir það hinn mikilvæga verkfallsrétt launafólks til að ná fram réttlátum kjarabótum.

1. Félagafrelsi á vinnumarkaði

Kveðið er á um vernd félagafrelsis í 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og tekur ákvæðið bæði til jákvæðs og neikvæðs félagafrelsis, þ.e. um réttinn til að standa innan og utan félaga.

Í greinargerð með frumvarpi því sem til umfjöllunar er hér kemur fram að á íslenskum vinnumarkaði hefur réttur launafólks til að velja sér stéttarfélag verið settur til hliðar. FFÍ mótmælir slíkri fullyrðingu enda er aðildarskylda ekki til staðar hér á landi eins og Alþýðusamband Íslands bendir á með mjög skýrum hætti í umsögn sinni um frumvarp þetta. Rétturinn til að standa utan stéttarféлага er vel tryggður í íslenskri löggjöf enda er ákvæði um aðildarskyldu í stéttarfélagi hvergi að finna. Að auki má ráða af lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur að launafólk geti staðið utan stéttarféлага en t.a.m. er fjallað um úrsögn úr stéttarfélagi í 2. mgr. 3. gr. laganna.

Það er því óumdeilt að launafólk getur nú þegar staðið utan stéttarféлага kjósi það svo. Þannig er á engan hátt þrengt að félagafrelsi hér á landi eins og haldið er fram í greinargerð með frumvarpi þessu.



2. Mikilvægi stéttarfélags sem félags launamanna

Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að vinnuveitendur skuli hafa þann rétt til þess að stofna og ganga í þau stéttarfélög sem þeir kjósa og eru einungis háðir reglum hlutaðeigandi félags inngöngu í það. Þessu mótmælir FFÍ harðlega og telur að með þessu sé alvarlega vegið að tilgangi stéttarfélaga, að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt eins og kemur fram í 1. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Skemmst er að minnast kjarasamnings flugfreyja og -þjóna sem flugfélagið PLAY og Íslenska flugstéttarfélagið undirrituðu árið 2019, áður en nokkur flugfreyja og/eða -þjónn var ráðinn til starfa og því engir félagsmenn til staðar. Þegar flugfélagið hóf síðar starfsemi var samningurinn aldrei borinn upp til samþykktar á meðal þeirra sem ætlað var að vinna eftir honum.

Framangreint er skýrt dæmi um hvernig félagsleg undirboð hafa fengið að viðgangast á íslenskum vinnumarkaði án þess að yfirvöld aðhafist nokkuð. Í þessu sambandi má einnig nefna hvernig flugfélagið Bláfugl hefur stundað félagsleg undirboð með gerviverktöku þegar flugfélagið sagði upp flugmönnum sem störfuðu eftir kjarasamningi við Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA), og réði í staðinn inn verktaka í gegnum erlenda starfsmannaleigu. FÍA hefur ítrekað bent stjórnvöldum á hvernig flugfélagið hefur hundsað niðurstöðu dómstóla og þannig sniðgengið stjórnarskrávarin réttindi stéttarfélaga og réttindi launafólks sem starfar eftir kjarasamningi, án nokkurs hljómgrunns.

Þetta er grafalvarleg þróun sem nauðsynlegt er að sporna við. Með því að veita vinnuveitendum rétt til þess að stofna stéttarfélög eins og kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er grafið undan réttindum launafólks enda hætta á að slík stéttarfélög vinni fremur í þágu atvinnurekenda heldur en launafólks. Slíkt er óásættanlegt með öllu.

3. Forgangsréttarákvæði í kjarasamningum

Tilgangur forgangsréttarákvæða í kjarasamningum er að stuðla að skipulögðum vinnumarkaði og tryggja samtakamátt í kjaramálum launafólks á Íslandi. Slík forgangsréttarákvæði ganga á engan hátt gegn félagafrelsi launafólks því þau útiloka ekki að einstaklingur taki ákvörðun um að standa utan stéttarfélags á grundvelli síns félagafrelsis. FFÍ bendir í þessu sambandi á umfjöllun Alþýðusambands Íslands um lögmæti forgangsréttarákvæða í umsögn sambandsins um frumvarp þetta en full ástæða er að ítreka það sem fram kom í álitni stjórnarskrárnefndar um það hvort forgangsréttarákvæði kjarasamninga stangist á við stjórnarskrá en þar kom fram að svonefnd forgangsréttarákvæði leiði ekki af sér félagsskyldu af þeim toga sem fyrri málsliður 2. mgr. 74. gr. stj.skr. tekur til, þ.e. hið neikvæða félagafrelsi.

Að auki standa forgangsréttarákvæði ekki í vegi fyrir því að atvinnurekendur ráði til sín einstakling sem stendur utan stéttarfélags þó í gildi sé forgangsréttarákvæði í kjarasamningi.

Forgangsréttarákvæði í íslenskum kjarasamningum útiloka því alls ekki fólk frá tilteknum störfum eins og virðist vera gengið út frá í frumvarpi þessu.

4. Niðurlag

Með vísan til þess alls sem að framan greinir leggst FFÍ harðlega gegn frumvarpinu en að mati stjórnar félagsins felur það í sér grafalvarlega aðför að stéttarfélögum og um leið aðför að réttindum launafólks og réttindabaráttu verkalýðsfélaga.



FFÍ áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum og sjónarmiðum til nefndarinnar við meðferð frumvarpsins. Félagið er einnig ávallt reiðubúið að veita frekari upplýsingar um framkomnar athugasemdir sé þess óskað.

Fyrir hönd Flugfreyjufélags Íslands,

Berglind Kristófersdóttir

Berglind Kristófersdóttir, formaður FFÍ

Eyrún Björk Jóhannsdóttir

Eyrún Björk Jóhannsdóttir, varaformaður FFÍ